

## 10. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórna á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands; Skeggjastaðahrepps, Fellahrepps, Austur-Héraðs, Borgarfjarðarhrepps, Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Djúpavogshrepps, Hornafjarðar, staðfestist hér með til að gilda á starfssvæðinu samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum, sbr. 3., 4. og 5. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Samþykktin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ottós B. Arnars nr. 33 23. janúar 1973.

Stjórn Minningarsjóðs Ottós B. Arnars hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 23. janúar 1973:

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þá nemendur í símsmíði í Iðnskólanum í Reykjavík sem skara fram úr í stundvísi, ástundun í námi og þekkingu í rafeindafræði og símafræði.

## 2. mgr. 3. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eins tryggan hátt og unnt er að mati stjórnar sjóðsins, í skuldabréfum ríkissjóðs meðan hægt er eða í traustum verðbréfasjóðum. Höfuðstól sjóðsins eins og hann er nú eða síðar kann að verða vegna gjafa eða ávöxtunar má ekki skerða.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn:

1. Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík.
2. Maður tilnefndur af Félagi íslenskra loftskeytamanna.
3. Einn niðji Ottós B. Arnars tilnefndur af þeim.

Stjórnin skiptir með sér verkum eins og henni þykir ástæða til. Um ákvarðanir stjórnar ræður meirihluti hennar.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. febrúar 2004.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*